



LANDVERND

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgrata 7

101 Reykjavík

Reykjavík, 8.10.2025

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjölmiðla

Landvernd hefur kynnt sér málið og styður að fullu við athugasemdir VÁ – félag um vernd fjarðar þar sem fram kemur að lögin ættu að vera eftirfarandi:

Á helgunarsvæði fjarskiptastrengja er stranglega bannað að staðsetja:

a. botnfestingar fyrir sjókvíaeldi;

b. annan búnað sem er talinn líklegur til að raska öryggi fjarskiptastrengja.

c. Enga undanþágu er hægt að veita frá banni skv. lið a og b.

Í umsögn Landverndar frá 20. Janúar sl. Segir:

Öryggi Farice sæstrengsins ábótavant

Eins og oft áður hefur verið fjallað um þá varðar Farice-1 sæstrengurinn þjóðaröryggi bæði Íslands og Færeyja. Landvernd gagnrýnir að MAST hafi ekki farið að beiðni Farice ehf. 9 um að afgreiða ekki umsókn um rekstrarleyfi í Seyðisfirði a.m.k. alls ekki fyrr en breytingar á fjarskiptalögum hafa tekið gildi. Einnig er ábótavant að Kaldvík hefur ekki upplýst Farice ehf. um akkerisfestingar sjókvíaeldisstöðva, og umferð þjónustuskipa og annarra faratækja. Mörgum spurningum er ósvarað eins og hvernig verður gætt að nægilegri fjarlægð við sæstrenginn þegar unnið er að viðhalds- og viðgerðavinnu eða í neyðarinnngripum þannig að akkerum sé ekki varpað inn á helgunarsvæði Farice?

Helgunarsvæði Farice má sjá á meðfylgjandi korti ásamt áætluðum akkerisfestingum á næstu blaðsíðu.

Með vinsemd og virðingu

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður stjórnar

